



### Hulda Ósk Bergsteinsdóttir

**MS-ritgerð: Mikilvægi lyfjafræðings í upphafi lyfjameðferðar**  
Forkönnun á árangri Lyfjastoð þjónustunnar í Reykjanesapóteki

**Höfundur:** Hulda Ósk Bergsteinsdóttir fæddist 1999 og ólst upp í Njarðvík og Vestmannaeyjum. Foreldrar hennar eru Bergsteinn Jónasson og Drífa Gunnarsdóttir. Hulda Ósk útskrifaðist frá raunvísindabraut Fjölbautarskóla Suðurnesja vorið 2018 og hóf nám við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands um haustið sama ár. Meðfram náminu hefur Hulda Ósk starfað hjá Apótekanum / Lyfjum & Heilsu og spilað sem körfuknattleiksleikmaður meistaraflokka Fjölnis og KR.



### Stuttur útdráttur úr ritgerð

Lyfjastoð er lyfjafræðileg viðtalsþjónusta og er veitt af lyfjafræðingi í apóteki til skjólstæðinga sem eru að hefja nýja langtíma lyfjameðferð. Þjónustan þekkist víða erlendis og niðurstöður annarra þjóða hafa bent til þess að þjónustan ýti undir betri meðferðarheldni skjólstæðinga. Góð meðferðarheldni er mikilvæg þar sem hún dregur úr lyfjatengdum slysum, spítalainnlögnum og dauðsföllum. Reykjanesapótek hlaut styrk frá heilbrigðisráðuneytinu til að ráðast í tilraunaverkefni þar sem þeir buðu þeim skjólstæðingum sem voru að hefja nýja langtíma lyfjameðferð á hjarta- og æðakerfislyfjum Lyfjastoð. Markmið lokaverkefnisins var að forkanna hvort grundvöllur sé fyrir umræddri þjónustu hérlendis ásamt því að leita eftir vísbendingum um hvort þjónustan hafi áhrif á meðferðarheldni skjólstæðinga. Til þess var lagður spurningalisti fyrir þá skjólstæðinga Reykjanesapóteks sem hlutu þjónustuna og rýnt í viðtöl Lyfjastoðar þar sem lyfjatengd vandamál voru greind og flokkuð.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að upplifun skjólstæðinga á þjónustunni var heilt yfir jákvæð og töldu flestir skjólstæðingar þjónustuna vera nauðsynlega, ásamt því að þeir myndu ráðleggja öðrum að nýta sér hana. Lyfjatengd vandamál minnkuðu alla jafna og góð meðferðarheldni jókst. Grundvöllurinn virðist vera til staðar en að mörgu þarf að huga áður en þjónustan er inleidd í apótek landsins.